

Ed.

749. Lög

um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

1. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:

Ef berklaveikur sjúklingur þarfnast, að dómi læknis, vistar á heilsu-
hæli eða sjúkrahúsi, og hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo
efnum búinn, að ætla má, að hann mundi liða mikið tjón á efnahag sínum eða
jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af þeim kostnaði, er af slikri
vist leiðir, þá getur hann fengið ókeypis vist, lyf og læknishjálp (þar með taldar
ljóslækningar) á heilsuhælum ríkisins og þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir
verið um að veita slikum sjúklingum viðtöku.

4. málsg. sömu greinar orðist svo:

Allur sá kostnaður, sem hér er talinn, greiðist úr ríkissjóði, en sérhvert
sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, sem nemi 2 kr.
fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu.

5. málsg. sömu greinar orðist svo:

Ráðherra skal semja fyrirfram til hálfis eða heils árs í senn við þau sjúkra-
hús landsins, sem til þess teljast hæf að hýsa berklasjúklinga, um kostnað allan
við dvöl og lækningu styrkhæfra berklasjúklinga. Nú hefir styrkhæfur berkla-
sjúklingur verið, að læknisráði, vistaður um stundarsakir á sjúkrahúsi, sem ekki
hefir verið samið við í þessu skyni, vegna þess að ekki hefir náðst til annars
sjúkrahúss, og er þá ráðherra heimilt að greiða fyrir hann í samræmi við samn-
inga um dvalarkostnað á tilsvarendi sjúkrahúsi.

2. gr.

15. gr. laganna falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því. Jafn-
framt skal niður falla allur áfallinn en ógreiddur berklavarnaskattur sjúkra-
samlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.